

Kæru foreldrar

Fimmtudaginn 20. nóvember kl. 20.30 verður boðið upp á kynfræðsluerindi fyrir bæði unglinga og foreldra á Álftanesi. Fyrirlesari verður **Sigríður Dögg Arnardóttir (Sigga Dögg)**.

Á fyrirlestri foreldra verður lögð áhersla á upplýsingagjöf og virka hlustun auk þess sem leitast verður við að svara spurningum foreldra um hvernig megi nálgast börnin sem „mögulega“ vilja hvorki ræða málin né hlusta.

Samkvæmt Landlæknisembættinu:

- eru íslensk ungmenni yngri en ungmenni viðmiðunarþjóða okkar þegar þau hefja kynmök
- eiga þau fleiri rekkjunauta
- smitast þau oft af kynsjúkdómum
- eru þunganir tíðari hjá íslenskum ungmennum en hjá ungmennum viðmiðunarþjóðanna

Fyrirlesturinn fer fram í **hátíðarsal íþróttamiðstöðvar frá kl. 20.30 til 21.30**

Við hvetjum foreldra til að mæta í **Félagsmiðstöðina Elítuna kl. 20.00** og þiggja veitingar í boði Foreldrafélagsins og kynna sér starfsemina.

Aðrir fyrirlestrar þetta kvöld verða sem hér segir:

Kl. 18.30 stúlkur í 8. - 10. bekk

Kl. 19.30 drengir í 8. - 10. bekk

Kl. 20.30 foreldrar í Álftanesskóla

Félagsmiðstöðin Elítan á Álftanesi og Foreldrafélag Álftanesskóla